

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F123/2022

Reykjavík, 30. janúar 2023

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Ríkislögreglustjóri
Skúlagötu 21
101 Reykjavík

Hér með tilkynnist að embætti umboðsmanns Alþingis hefur lokið athugun sinni á viðbrögðum ríkislögreglustjóra í tilefni af flutningi manns með fötlun í hjólastól við framkvæmd brottvísunar umsækjenda um alþjóðlega vernd sem fram fór aðfaranótt 3. nóvember 2022.

Svo sem rakið er í bréfi umboðsmanns til ríkislögreglustjóra 10. sama mánaðar var tilefni athugunarinnar fréttatflutningur af því hvernig framkvæmd brottvísunar var háttáð í tilviki fyrrgreinds manns. Í bréfinu var vísað til þess að komið hefði fram í fjölmöglum af hálfu ríkislögreglustjóra að nauðsynlegt væri að farið yrði yfir verklag lögreglu við framkvæmd umræddrar brottvísunar. Var þess óskað að umboðsmaður yrði upplýstur um hvort og þá til hvaða ráðstafana ríkislögreglustjóri hygðist grípa.

Svar ríkislögreglustjóra barst 15. desember sl. Í svarbréfi hans er tekið fram að nú sé yfirstandandi skoðun embættisins á því verklagi sem viðhaft var við ofangreinda brottvísun umsækjenda um alþjóðlega vernd. Við skoðun embættisins verði rituð skýrsla sem send verði dómsmálaráðuneytinu. Í svari ríkislögreglustjóra kemur og fram að meðal þeirra atriða sem sæta skoðun embættisins sé sá möguleiki að löggreglan festi kaup á bifreið sem nota megi ef flytja þarf einstaklinga í hjólastól en þó einnig til annarra verka. Standi vonir embættisins til þess að bifreiðin verði keypt eða leigð á fyrri hluta ársins 2023.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í svari ríkislögreglustjóra tel ég ekki tilefni til að halda athugun málsins áfram að svo stöddu. Áfram verður þó fylgst með málinu af hálfu embættisins og þeirri vinnu sem ríkislögreglustjóri áformar að ljúki á næstu misserum. Er þess því óskað að ríkislögreglustjóri upplýsi umboðsmann um framvindu málsins eigi síðar en 1. ágúst nk. og sendi þá jafnframt afrit af téðri skýrslu, verði vinnslu hennar lokið.

Að endingu telur umboðsmaður rétt að ítreka nauðsyn þess að við skipulagningu og undirbúning ákvarðana um framkvæmd brottvísana umsækjenda um alþjóðlega vernd fari, af hálfu lögreglu, fram einstaklingsbundið mat á þörfum þeirra einstaklinga sem um ræðir þar sem tekið er sérstakt tillit til manna í viðkvæmri stöðu, svo sem vegna

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

fötlunar, og þess hvernig framkvæmd starfa hennar horfir við þeirri stöðu. Í þessu efni er sérstaklega vísað til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks auk almennra sjónarmiða um að ekki skuli farið strangar í sakirnar við meðferð opinbers valds en nauðsynlegt er.

Með vísan til alls ofangreinds er athugun umboðsmanns á málínu lokið að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

Skúli Magnússon

